

BREYTING Á DEILISKIPULAGI, HRAFNISTA HAFNARFIRÐI, HRAUNVANGI 7

| Núverandi stærðir*      |        | Eftir breytingu*                       |        |
|-------------------------|--------|----------------------------------------|--------|
| Stærð lóðar             | 25,980 | Stærð lóðar                            | 33,407 |
| Núverandi byggingarmagn |        | Nýtt byggingarmagn                     |        |
| Hraunvangur 1           | 3,512  | Hjúkrunarheimili viðbygging reit A     | 9,500  |
| Hraunvangur 3           | 3,479  | Blokk B                                | 4,000  |
| Dvalarheimili           | 14,305 | Blokk B b-rými                         | 400    |
| Bilakjallari            | 1,290  | Blokk C                                | 5,000  |
| Samtals                 | 22,586 | Blokk C b-rými                         | 500    |
|                         |        | Blokk D                                | 5,000  |
|                         |        | Blokk D b-rými                         | 500    |
|                         |        | Tengibygging                           | 500    |
|                         |        | Hjólaskýli b-rými                      | 270    |
|                         |        | Bilakjallari                           | 2,000  |
|                         |        | Samtals                                | 27,670 |
|                         |        | Núverandi byggingarmagn                | 22,586 |
|                         |        | Byggingarmagn með nýbyggingum samtals: | 50,256 |
| Nýtingarhlutfall        | 0.9    | Nýtingarhlutfall ofanjarðar            | 0.8    |
|                         |        | Nýtingarhlutfall með kjallara          | 1.5    |

FJÖLDI HJÚKRUNARRÝMA, IBÚÐA OG BÍLASTÆÐA

|                         | Hjúkrunarrými |     | Íbúðir    |     | Bílastæði                |           |
|-------------------------|---------------|-----|-----------|-----|--------------------------|-----------|
| Byggingar               | Núverandi     | Ný  | Núverandi | Ný  | Bílastæðabörf            | Bílastæði |
| Hjúkrunarheimili (núv.) | 200           | 0   | 0         | 0   | 0,35 per íbúð            | 70        |
| Byggingarreitir A       | 0             | 125 | 0         | 0   | 0,35 per íbúð / herbergi | 44        |
| Hraunvangur 1-3 (F1)    | 0             | 0   | 64        | 0   | 0,6 per íbúð             | 38        |
| Þjónustumiðstöð         | 0             | 0   | 0         | 0   |                          | 38        |
| Byggingarreitir B, C, D | 0             | 0   | 0         | 118 | 0,6 per íbúð             | 71        |
| SAMTALS                 | 200           | 125 | 64        | 118 |                          | 261       |
|                         |               |     |           |     | Par af stæði á yfirborði | 137       |
|                         |               |     |           |     | Par af stæði í kjallara  | 124       |

Byggingarreitir og yfirbragð

Mikilvægt er að hönnun og útfærsla bygginganna sé í háum gæðaflokki. Byggingarreitir gefa svigrúm til frelsis í hönnun húsanna og eru eftir hæðir með háan byggingarreit sem hvetur til aukinnar loft hæðar, uppbrots í þakformi eða hallandi þök. Krafa er gerð um uppbotr í þakformum til að gæta þess að slétt þök verði ekki ráðandi lausn. Þök efstu hæða skulu því vera hallandi að öllu eða einhverju leyti.

Einnig er gerð krafa um hlöðun og uppbotr byggingarmassans innan byggingareits í minni einningar þannig að mannvirkinn falli vel inn í landið.

Byggingarreitir eru sýndir gullir á uppdrætti og grái flöturinn innan þeirra sýnir mögulegar útlínur nýbygginga.

Heimilt er að koma flötastigum fyrir utan byggingareits en þó aldrei nær lóðarmörkum en 4 metra. Hönnun og frágangur við þá skal vera vandaður og hluti að heildarútliti bygginga.

Viðbygging og ný álma hjúkrunarheimilisins, reitir A, er áætluð 5 hæðir og nýbyggingarnar norðan og austan við dvalarheimilið, B, C og D, 1-4 hæðir en þær liggja lægra í landinu en fjölbýlishúsin við Hraunvang 1 og 3 og mynda því góða víðbót á svæðinu. Áhersla verður lögð á að skapa skemmtileg útlitarsvæði með góðu aðgengi fyrir alla. Göngustigar munu tengja saman byggingarnar og útlitarsvæðin. Einnig verður bílastæðakjallari dvalarheimilisins stækkaður samkvæmt áður samþykktu deiliskipulagi. Fyrirhugaðar eru tengingar á milli íbúðablokkanna og hjúkrunarheimilisins þar sem íbúar munu sækja alla þjónustu. Umræddar tengingar eru eftirfarandi: Frá blokk A (hjúkrunarheimili) verður tenging um nýbyggingu, frá blokk B verður tenging í gegnum bilakjallara og þjónustumiðstöð og frá blokk C og D verður tenging um bilakjallara.

Nýtt hjúkrunarheimili - byggingarreitir A

Á reitnum vestan við núverandi hjúkrunarheimili er á gildandi deiliskipulagi F2 fjögurra hæða hjúkrunarheimili að hámarki 4000 m<sup>2</sup>. Áfram er gert ráð fyrir hjúkrunarheimili á reitnum (sem nú er nefndur "byggingarreitir A") sem mun tengjast núverandi hjúkrunarheimili. Nýja hjúkrunarheimilið verður fimm hæðir sem staltast niður í fjórar og er hámarksstærð þess 9500 m<sup>2</sup>. Einnig verður kjallari í hjúkrunarheimilinu með þjónustuaðkomu um aktsurampa norðan við húsið.

Í húsinu verða allt að 118-125 hjúkrunarrými.

Stærðir eru gefnar upp sem hámarksstærðir.

Hámarksstærðir sjást á sneiðingum.

Heimilt er að öryggishæðir á lyftum standi upp fyrir almennan byggingarreit allt að 2 m.

Svigrúm er innan skipulags fyrir geymslur í kjölurum undir nýbyggingum eða jafnvel íbúðum þar sem völ er á vegna landshalla.

Byggingarreitir B

Á reitnum sunnan við núverandi hjúkrunarheimili er gert ráð fyrir tengibyggingu á einni hæð að hámarki 500 m<sup>2</sup> þjónustumiðstöð fyrir hjúkrunarheimilið auk kjallara.

Norðan við tengibygginguna er heimild fyrir 3-4 hæða íbúðahúsi að hámarki 4500 m<sup>2</sup> auk kjallara. Fjöldi íbúða verður á bilinu 38-40 íbúðir.

Stærðir eru gefnar upp sem hámarksstærðir.

Hámarksstærðir sjást á sneiðingum.

Svigrúm er innan skipulags fyrir geymslur í kjölurum undir nýbyggingum eða jafnvel íbúðum þar sem völ er á vegna landshalla.

Byggingarreitir C

Á reitnum er 4 hæða íbúðahús að hámarki 5500 m<sup>2</sup> með kjallara. Fjöldi íbúða verða á bilinu 35-40 íbúðir.

Stærðir eru gefnar upp sem hámarksstærðir.

Hámarksstærðir sjást á sneiðingum.

Svigrúm er innan skipulags fyrir geymslur í kjölurum undir nýbyggingum eða jafnvel íbúðum þar sem völ er á vegna landshalla.

Byggingarreitir D

Sömu skilmálar gilda um reitinn og á byggingarreit C.

Bílastæði

Áætluð bílastæðabörf er eftirfarandi:

-Núverandi hjúkrunarheimili: 0,35 bílastæði per íbúa. Íbúðafjöldi er 200 íbúar sem gerir 70 bílastæði.

-Nýtt hjúkrunarheimili: 0,35 bílastæði per íbúa. Íbúðafjöldi er allt að 125 íbúar sem gerir 44 bílastæði.

-Hraunvangur 1-3: 0,6 bílastæði per íbúð. Íbúðafjöldi eru 64 íbúðir sem gerir 38 bílastæði.

-Þjónustumiðstöð: 38 bílastæði.

-Íbúðir A, B og C: 0,6 bílastæði per íbúð. Íbúðafjöldi er 118 sem gerir 71 bílastæði.

Samtals er bílastæðabörf því 261 stæði, þar af er fjöldi bílastæða á yfirborði 137 talsins og 124 í kjallara.

Bilakjallarar

Gert er ráð fyrir að stækka núverandi bilakjallara sem lengist Hraunvangi 1-3 og hjúkrunarheimili og bílastæðum fjölgað um 16, þ.e. úr 44 í 60 stæði. Þar sem mörg bílastæði falla út vegna nýbyggingana þá er gert ráð fyrir að gera bilakjallara með 63 bílastæðum norðaustan við núverandi hjúkrunarheimili sem mun þjóna öllu svæðinu. Úr þessum bilakjallara verður tenging yfir í hjúkrunarheimilið, þannig að íbúar í húsum C og D geti gengið þurrum fótum á milli húsa.


Hjólaskýli

Leyft er að byggja óupphittuð, hálfopin reiðhjólaskýli á þremur afmörkuðum reitum skv. uppdrætti. Reitirnir eru staðsettir á víð og dreif um lóðina svo aðgengi að a.m.k. einu af þremur sé greitt frá öllum inngöngum. Reitirnir eru 6x15 m og hámarksstærð skýlanna er 90 m<sup>2</sup>. Hámarksstærð hjólaskýla eru 3 metrar. Vanda skal til útlits hjólaskýlanna og skulu þau hafa samræmt yfirbragð en engin krafa er um að þau séu jafnstór.


Heildarstærðir þeirra koma til viðbótar við núverandi stæðarheimildir.

Um skýlin gilda almenn ákvæði byggingarreglugerðar.


02.04.2025 Gögnum breytt eftir kynningu. Textabreyting: texta var bætt við í kalla um björgunarsvæði og nýjir textar settir inn undir yfirskriftunum "Slökkvívatr" og "Veltur". Á mynd eftir breytingu: Burðarkröfur vegna slökkvívélisíla voru merktar inn (vestan við núverandi hjúkrunarheimili og bilakjallara (þar sem hámarksburðargæta er 16 tonn). Burðarhæf aðkomuleið Slökkvívélis voru punktuð inn frá bílastæðum á milli byggingareits B og F1. Bæygjardúsar á götum voru stækkaðir þar sem þurfti vegna umfangs slökkvívélisíla, eitt stærri tæki út á yfirborði og fært í kjallaran í staðinn í bílastæðabókhaldinu, hjólaskýli við byggingareit C og D hlíðaráð öftrítið.




Sneiðing A-A 1:1000




Sneiðing B-B 1:1000




Sneiðing C-C 1:1000




Sneiðing D-D 1:1000



Sneiðing E-E 1:1000



Sneiðing F-F 1:1000



Sneiðing G-G 1:1000

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í Skipulags- og byggingarráði Hafnarjarðar þann 03.04.2025

Hafnarjarðarþing  
Skipulagsfulltrúi  
f.h. skipulags- og byggingarráðs

og í bæjarstjórn Hafnarjarðar þann 10.04.2025

Bæjarstjórnin í Hafnarfirði

Í skipulagsnefnd Garðabæjar þann 29.04.2025

Garðabæjarþing  
f.h. skipulagsnefndar

og bæjarstjórn Garðabæjar þann 20.05.2025

Bæjarstjórnin í Garðabæ

Tillagan var auglýst frá 31.01.2025

með athugasemdafrest til 17.03.2025

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 03.04.2025

HRAFNISTA HRAUNVANGI 7

Teknað af: SRG Yfirfarið af: OKF  
Mælikvarði: 1:1000 Dags. frumútg.: 25.09.2024

■ Hönnunarsjórn: Hönnunarsjórn □ Hönnuður aðal/séruppráttar:

THG ARKITEKTAR

Faxan 9 106, Reykjavík Sími 440763 - 2590  
Sími 545 1800 thg@thg.is www.thg.is

07-004-37 0401 25.09.2024

Verknúmer Tekningarnúmer Útgáfa Dagsetning

Upphafleg bílastæðir: 17